



## Reglur um launakjör kjörinna fulltrúa Fjarðabyggðar

### Inngangur

#### 1. gr.

Reglur þessa byggja á 36. gr. samþykktar um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar og sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 um þóknunir til kjörinna fulltrúa.

### Um starfskjör

#### 2. gr.

Bæjarfulltrúar og kjörnir fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins fá greidda þóknun vegna starfa sinna og starfskostnað eftir reglum þessum.

### Skilgreiningar

#### 3. gr.

Stjórnir, nefndir og ráð Fjarðabyggðar sem falla undir reglur þessar eru:

- Bæjarstjórn
- Bæjarráð
- Fastanefndir samkvæmt 62. gr.
- Barnaverndarnefnd
- Hafnarstjórn
- Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd
- Íþróttá- og tómstundarnefnd
- Félagsmálanefnd
- Kjörstjórnir
- Framkvæmdaráð hjúkrunarheimilanna
- Landbúnaðarnefnd
- Fræðslunefnd
- Menningar- og nýsköpunarnefnd
- Safnanefnd

### Þóknun

#### 4. gr.

Þóknun bæjarfulltrúa og kjörinna fulltrúa byggja á hlutfalli þingfararkaupts almenns Alþingismanns eins og það er hverju sinni. Föst laun bæjarfulltrúa, bæjarráðsmanna og nefndarformanna þekja öll störf sem kveðið er á um í kafla um réttindi og skyldur, auk þess að mæta við opinberar athafnir, móttökur og boð í sveitarfélaginu. Auk fastra launa eru greidd laun fyrir fundarsetur, vinnu utan sveitarfélags, sérstakra verkefna og oddvitastarfa.

Fyrir störf sín eru greiðslu til þeirra sem hér segir.

#### a) Bæjarstjórn

##### *Forseti*

Föst laun greidd reglulega í 12 mánuði 20,00%

Fundarseta - greiðsla fyrir hvern setinn fund 6,00%

##### *Varaforseti*

Fundarseta - greiðsla fyrir hvern setinn fund sem hann stýrir 6,00%

##### *Bæjarfulltrúi*

Föst laun greidd reglulega í 12 mánuði 10,00%

Fundarseta - greiðsla fyrir hvern setinn fund 3,00%

##### *Varabæjarfulltrúi*

Fundarseta - greiðsla fyrir hvern setinn fund 4,00%



**b) Bæjarráð**

**Formaður**

Föst laun greidd reglulega í 12 mánuði	6,00%
Fundarseta - greiðsla fyrir hvern setinn fund	6,00%

**Bæjarráðsmaður**

Föst laun greidd reglulega í 12 mánuði	3,00%
Fundarseta - greiðsla fyrir hvern setinn fund	3,00%

**Varabæjarráðsmaður**

Fundarseta - greiðsla fyrir hvern setinn fund	3,00%
---	-------

**Áheyrnarfulltrúi**

Fundarseta - greiðsla fyrir hvern setinn fund	3,00%
---	-------

Barnaverndarnefnd, eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd, félagsmálanefnd, fræðslunefnd, hafnarstjórn, íþrótt- og tómstundanefnd, menningar- og nýsköpunarnefnd.

**c) Ráð og stjórnir (höfuðnefndir)**

**Formaður**

Föst laun greidd reglulega í 12 mánuði	3,00%
Fundarseta - greiðsla fyrir hvern setinn fund	4,00%

**Nefndarmaður**

Fundarseta - greiðsla fyrir hvern setinn fund	2,00%
---	-------

**Varamaður**

Fundarseta - greiðsla fyrir hvern setinn fund	2,00%
---	-------

**Áheyrnarfulltrúi**

Fundarseta - greiðsla fyrir hvern setinn fund	1,50%
---	-------

Framkvæmdaráð hjúkrunarheimila, landbúnaðarnefnd, safnanefnd.

**d) Undirnefndir og minni nefndir eða verkefnabundnar nefndir**

**Formaður**

Fundarseta - greiðsla fyrir hvern setinn fund	3,00%
---	-------

**Nefndarmaður**

Fundarseta - greiðsla fyrir hvern setinn fund	1,50%
---	-------

**Varamaður**

Fundarseta - greiðsla fyrir hvern setinn fund	1,50%
---	-------

Kjörstjórnir fá greiddan taxa tímakaups sem gildir fyrir kjörstjórnarstörf.

*Þóknun til oddvita flokka*

5. gr.

Oddviti hvers flokks fær greidd fasta þóknun 12 mánuði ársins sem nemur 8% af þingfararkaupi.

*Þóknun fyrir önnur störf*

6. gr.

Bæjarráðsmaður sem sinnir sérstökum verkefnum í umboði ráðsins skal fá greitt eftir umfangi vinnunnar og miðað við heilan eða hálfan dag. Gildir einnig um nefndarmann sem í sérstökum tilfellum sinnir störfum sem honum eru falin. Bæjarráð staðfestir formlega hverjum er greitt skv. þessari heimild með erindisbréfi eða annarri samþykkt. Heill dagur nemur 4% en hálfur dagur 2% af þingfararkaupi.



*Þóknun vegna funda utan sveitarfélags*

7. gr.

Fari bæjarfulltrúar eða nefndarmenn á vegum sveitarfélagsins út fyrir mörk þess eru þeim greidd laun eftir því hvort þeir eru hálfan eða heilan dag að heiman. Heill dagur nemur 4% en hálfur dagur 2% af þingfararkaupi.

*Akstur og útlagður kostnaður*

8. gr.

Kjörinn fulltrúi eða áheyrnarfulltrúi sem þarf vegna starfa sinna að ferðast milli byggðakjarna eða út fyrir mörk sveitarfélagsins fær akstur greiddan skv. akstursbók. Útlagður ferða-, upphalds og gistikostnaður er greiddur eftir ferðareikningi til kjörinna fulltrúa og áheyrnarfulltrúa. Um greiðslu ferðakostnaðar gilda reglur Fjarðabyggðar um ferðakostnað starfsmanna og reglur Ríkisskattstjóra.

*Þóknanir falla niður*

9. gr.

Fastar mánaðarlegar þóknanir falla niður missi kjörinn fulltrúi kjörgengi sitt. Orlof er innifalið föstum launum og nefndarsetulaunum. Greiðsla fastrar þóknunar hefst 1. júní þess árs sem kosið er og lýkur 31. maí fjórum árum síðar.

*Fæðingar- og foreldraorlof*

9. gr.

Um rétt kjörinna fulltrúa sbr. 1. gr. til fæðingar- og foreldraorlofs fer eftir lögum um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000. Skila þarf tilkynningu um fæðingar- og foreldraorlof til launadeildar áður en kjörinn fulltrúi getur nýtt sér þennan rétt sinn. Á meðan á orlofinu stendur fær kjörinn fulltrúi launagreiðslur úr fæðingarorlofssjóði.

*Lífeyrisréttindi og tryggingar*

10. gr.

Fjarðabyggð heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð af þóknunum bæjarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Greitt er iðgjald í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga. Iðgjald kjörinna fulltrúa í lífeyrissjóð skal vera 4% gegn 8% mótframlagi. Bæjarfulltrúar eru tryggðir gegn slysum í starfi.

*Veikindaréttur kjörinna fulltrúa*

11. gr.

Þeir sem eru á föstum mánaðarlaunum, eiga rétt á veikindaleyfi í allt að þrjá mánuði. Greiðslur vegna veikinda miðast við föst laun.

*Gildistaka*

11. gr.

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. júní 2018.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 2. júlí 2018

  
Gunnar Jónsson  
bæjarritari  
bæjarfulltrúi

